

9. gr.

102

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lög- 23. okt.
reglumál.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

103

um

26. okt.

notkun vatnsveitu og sölu vatns í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Veganefnd hefir umsjón með vatnsveitu bæjarins og vatnssölu, svo sem segir í samþykkt um stjórn bæjarmálefna.

2. gr.

Eigi má leggja vatnsæð úr vatnsveitunni án leyfis veganeftndar og aðeins undir eftirliti hennar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum bæjarins að húsvegg. Bæjarstjórn getur ákveðið að taka að sér lagning þessara húsæða.

Eigi má nota vatnsveituna til annars en heimilisþarfa bæjarmanna, nema sérstaklega sé umsamið.

3. gr.

Fyrir vatn til heimilisnotkunar greiðist ekkert gjald, eigi skal heldur koma gjald fyrir neytlvatn skipa skrásettra á Ísafirði.

Heimili bæjarstjórn vatn á bryggjur, sildarstöðvar, fiskverkunarstöðvar, íshúsa eða til annars atvinnureksturs, skal það selt eftir mæli, er notendur kosta að öllu leyti sjálfir, og ákveður hún þá gjaldið. Þó má það eigi hærra vera en 2 kr. fyrir hverja smálest vatns, nema til skipa, sbr. 4. grein.

4. gr.

Fyrir vatn til skipa, sbr. þó 3. grein, skal gjalda kr. 2.50 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skifti en 2 kr.

5. gr.

Gjöld fyrir vatn samkvæmt reglugerð þessari má með samþykki bæjarstjórnar hækka eða lækka um allt að 50%.

6. gr.

Bæjarstjórnin löggildir menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að hafa eftirlit með eða leggja vatnsæðar þær, er vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og séu þeir skyldir til að hlíta vinnukauptaxta þeim, sem bæjarstjórn kann að setja og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórn setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildinguna, mega leggja æðar frá bæjarvatnsveitunni í hús eða um þau, né gera breytingar á vatnsæðum.

Bæjarstjórnin getur sett sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar.

7. gr.

Heimilt er veganefnd að loka vatnsæðum bæjarins eftir því sem þörf krefur, til viðgerðar eða nýlagningar og skal hún jafnan auglýsa það fyrirfram. Ef ætla má að lokunin standi lengur en 2 tíma, er henni skylt að auglýsa hana með minnst þriggja tíma fyrirvara.

8. gr.

Skylt er hverjum vatnsæðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

9. gr.

Veganefnd, umsjónarmanni og löggiltum innlagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað vatnsæðareiganda.

10. gr.

Veganefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að gera við leka á pípum eða tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, og ennfremur fyrir þeim, sem ekki greiða vatn þegar þeir eru krafðir um lögmaelt gjald fyrir það.

11. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almennu lögglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923 til **103**
þess að öðlast gildi 1. janúar 1932 og er jafnframt úr gildi felldur I. kafli af **26. okt.**
reglum nr. 74, 8. ágúst 1921, um afnot af eignum Ísafjarðar og gjöld fyrir þau,
o. fl., og önnur ákvæði, er kunna að fara í bága við hana.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

104
27. okt.

um

jarðeignamál í Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Fasteignanefnd hefir umsjón með jarðeignum kaupstaðarins, undir yfir-
stjórn bæjarstjórnar. Hún tekur á móti beiðnum um afnot af landeigninni, at-
hugar þær og gerir tillögur til bæjarstjórnar hversu þeim skuli svarað.

2. gr.

Fyrir afnot af landeigninni, svo sem lóðarréttindi, ræktunarland, haga-
göngu, slægjur, mótekju, uppsátur, grjót-, malar- og sandnám o. s. frv., skulu
notendur greiða gjald, eftir því sem bæjarstjórn ákveður.

3. gr.

Bæjarstjóri gerir, fyrir hönd bæjarstjórnar, alla nauðsynlega samninga
við notendur, er öðlazzt hafa réttindi til landsnyttja fyrir samþykki bæjarstjórnar
og sér um, að allir slikir samningar séu gerðir í samræmi við fyrirmæli reglu-
gerðar þessarar og samþykktir bæjarstjórnar. Hann (gjaldkeri) innheimtir og
öll leigugjöld fyrir landsnyttjar er leigðar eru, og eru gjalddagi þeirra 1. septem-
ber ár hvert.

4. gr.

Nú leigir bæjarstjórn land eða landsnyttjar, og skal það þá að jafnaði
gert með þeim skilmálum, sem settir eru í reglugerð þessari. Þó getur bæjar-